



FARVEITUR – VOPNAFJÖRÐUR

Könnun meðal Vopnfirðinga á þjónustusókn og möguleikum á farveitum.

Sylvía Helgadóttir
sylvia@austurbru.is

austurbru.is



AUSTURBRÚ

Helstu niðurstöður

- >> Flug er notað af flestum svarendum og um helmingur þeirra hefur notað Loftbrúna til að fá lægra flugverð.
- >> Hlutfallslega hafa fleiri karlar nýtt sér flug en konur hafa notað Loftbrú mun oftár en karlar.
- >> Yngsti aldurshópurinn hefur hæsta hlutfall þeirra sem klára alla flugleggina í Loftbrúar úrræðinu.
- >> Þeir sem nýta sér ekki flug segja það vegna þess að flug sé dýrt, óhentugur tími og/eða flughræðsla. Margir segjast keyra frekar í flug á Akureyri eða Egilsstöðum.
- >> Um fjórðungur hefur nýtt sér strætó, ekki var kynja- eða aldursmunur þar. Ástæður fyrir því að strætóferðir eru ekki nýttar af fleinum eru óaðgengileiki, en það er of langt á stoppustöðina og ekki skipulagðar ferðir þangað. Einnig er tímasetning óhentug.
- >> Hvað varðar almenningsangöngur; Strætó, farveitur og deilibíla sáu flestir fyrir sér að nota strætó og þá sérstaklega á lengri vegalengdum og á ferðum til Akureyrar.
- >> Svarendur voru opnari fyrir því að skoða möguleika á farveitum og deilibílum á styttri vegalengdum og til Egilsstaða.
- >> Konur voru mun jákvæðari fyrir farveitu og deilibílum en karlar.
- >> Yngsti aldurshópurinn skar sig mjög frá hinum hvað varðar afstöðu til deilibíla sem var mjög jákvæð.
- >> Almenn sækja Vopnfirðingar þjónustu innan síns svæðis og á það við allt frá dagvöruverslunum og bensínsstöðvum til heilbrigðisþjónustu.



Rýnihópur

- >> Íbúar voru boðaðir á fund með verkefnastjórum Austurbrúar til að kafa dýpra ofan í niðurstöður rafrænnar könnunar.
- >> Fimm konur samþykktu boðið og mættu í Nemendastofu – Kaupvangi, fimmtudaginn 17. mars kl. 17:00.
- >> Íbúar voru beðnir að skrifa undir samþykki.
- >> Fundurinn hófst á því að farið var yfir niðurstöður rafrænnar könnunar og þátttakendur höfðu engar athugasemdir við þær.
- >> Viðfangsefnið í rýnihópnum voru tvær spurningar:
 - >> Hvað finnst þér um þær niðurstöður sem voru kynntar og komu fram?
 - >> Ef þú ættir að leysa almenningssamgöngumál Vopnafjarðar, hvernig myndir þú gera það?



Niðurstöður

Almenningssamgöngur

- >> Strætó hentar ekki.
 - >> Tímasetningar
 - >> Verð
- >> Skoða betur samflutning á fólk og farmi, fastar ferðir til Egilsstaða.
 - >> Mega gjarnan hitta á flug.
- >> Farveita þyrfti að vera í föstum farvegi.
 - >> Sérstaklega huga að ferðamönnum á sumrin.
 - >> Sérstaklega huga að framhaldsskólanemum.
- >> Strætó
 - >> Loka hringnum, frá Þórshöfn yfir til Vopnafjarðar og áfram norður/Egilsstaðir.
- >> Hugsa verkefnin til að minnsta kosti tveggja ára.
- >> Deilibílar voru ekki taldir ganga upp á Vopnafirði nema hugsanlega á sumrin fyrir ferðamenn.

Flug

- >> Flug frá Vopnafirði til Egilsstaða
 - >> Þarf ekki að vera alla daga vikunnar
- >> Flug til Reykjavíkur
 - >> Þarf ekki að vera alla daga vikunnar
- >> Ekki millilenda á Þórshöfn.
 - >> Snúa hringnum stundum við
- >> Flugrúta á Akureyri
 - >> Þarf ekki að vera alla daga vikunnar en á að vera fast
- >> Flugrúta í Egilsstaði
 - >> Þarf ekki að vera alla daga vikunnar en á að vera fast
- >> Skoða tímasetningar flugs
- >> Skoða biðtíma á Akureyri
 - >> Réttur til ferða inn í bæ, bílaleigubíll eða leigubíll.
- >> Samgöngur eftir flug í Reykjavík
 - >> Réttur til bílaleigubíla og leigubíla á áfangastað.



Niðurstöður (framhald)

Jarðgöng

- >> Þurfa að komast á dagskrá.
- >> Ekki Helligheiðargöng.
- >> Forsenda fyrir því að tilheyra Austurlandi.
- >> Á meðan jarðgöng eru ekki á dagskrá hugsa Vopnfirðingar frekar norður en austur hvað varðar sameiningar.


Aðrar ábendingar

- >> Halda sjúkraflug á Vopnafirði
- >> Flytja inn sérfræðilækna frekar en að flytja Vopnfirðinga til þeirra.
 - >> Minnka kolefnisspor og auka hagkvæmi
- >> Auka fjarlæknaþjónustu, sérstaklega sérfræðinga.
- >> Margar hindranir í almannatryggingakerfinu varðandi ferðakostnað.
- >> Flutningur á vöru
 - >> Greiðslujöfnun á einhvern hátt.



Næstu skref

- >> Vopnfirðingar geta komið sér upp farveitum.
 - >> Huga sérstaklega að samflutningi á fólki og farmi í því samhengi.
 - >> Möguleiki á að verða flugrúta ákveðna daga vikunnar.
 - >> Kortleggja aðila sem myndu nýta sér farmflutning í flugrútunni.
 - >> Velja Egilsstaði eða Akureyri eða hafa til skiptis.
 - >> Skoða möguleika á að nota sem pöntunarþjónustu.
 - >> Þarf að vera tilraunarverkefni til að minnsta kosti tveggja ára.
 - >> Þarf að vera í föstu formi, fjöldi ferða og tími.
 - >> Þarf að vera með umsjónarmann.
- >> Samtal við Norlandair.
 - >> Varðandi millilendingu á Þórshöfn og snúa stundum hringnum.
 - >> Tillaga að hring: Akureyri – Þórshöfn – Vopnafjörður – Egilsstaðir – Akureyri
- >> Samtal við Strætó.
 - >> Ferðamenn á sumrin, loka norðaustur hringnum.
 - >> Möguleikar á afslætti, svipað og Loftbrú með almennings-samgöngum.



Næstu skref

- >> Varðandi flugið hefði verið snjallt að skoða hvort áhugi væri á almenningssamgöngum til Egilsstaða- og Akureyrarflugvallar dýpra en gert var, þar sem ýmislegt bendir til þess að stór hluti Vopnfirðinga nýti sér þessa flugvelli.
- >> Deilibílar er úrræði sem má skoða með tilliti til kvenna og yngra fólks þar sem þessir hópar sýna áhuga á því. Kanna þarf hvernig hægt væri að útfæra þetta á Vopnafirði þannig að það kæmi þeim hópi best sem hefur áhuga á að nota þetta. Deilibílar gætu nýst varðandi ferðir á flugvöllina á Egilsstöðum og Akureyri, sem og aðrar styttri eða lengri vegalengdir.
- >> Farveitur eru sömuleiðis úrræði sem má skoða betur, en ekki er sami áhugi á því og deilibílunum, fyrir utan áhuga á lengri vegalengdum í elsta aldurshópnum og meðal kvenna.
- >> Frumvarp sem liggur nú fyrir gæti opnað einhverjar leiðir í þessu samhengi, en eins og er eru farveitur ekki leyfilegar nema fyrir þá sem eru með sérstök leyfi á stærri bifreiðum. Þannig væri jafnvel hægt að útfæra slíkt úrræði í samsstarfi við aðila á svæðinu sem hafa slíkt leyfi.
- >> Ekkert kemur í veg fyrir deilibíla annað en finna til þess rekstraraðila. Tilraunaverkefni er meðal annars í gangi á Akureyri og í Garðabæ sem líta má til við útfærslu á þessu úrræði. Deilibílar eru bílar sem hægt er að deila með öðrum, þ.e.a.s. bíll sem er ekki í einkaeigu einstaklinga eða fyrirtækis, svokallaður samfélagsbíll.



Um verkefnið

Um könnun

- >> Þessi könnun var lögð fyrir íbúa Vopnafjarðarhrepps gegnum Survey Monkey – rafrænt vefkönnunarforrit. Könnunin var opin frá 26. nóvember til 10. janúar. Svarendur voru 110, á Vopnafirði bjuggu árið 2021 653 íbúar. Könnunin var framkvæmd af Austurbrú fyrir styrk úr A.10. Almenningsamöngur um allt land.
- >> Úrvinnsla könnunnar sýnir lýsandi tölfræði en ákveðnar spurningar voru greindar út frá kyni og aldri. Spurningin sem lagt var upp með var að greina möguleika varðandi almenningsamgöngur til og frá Vopnafirði með tilliti til þjónustusóknar.

Samgöngur til og frá Vopnafirði

- >> Frá Vopnafirði liggur vegur nr. 85 í tvær áttir; til Þórshafnar og áfram norðurþar sem hann tengist við hringveg nr.1 á vegamótum nálægt Dettifossi. Vegalengdin frá Vopnafirði til Akureyrar um þessa leið eru 300 km. Vegur nr. 85 liggur svo einnig um Vopnafjarðarheiði, að hringvegi nr. 1 á vegamótum á Háreksstaðarleið. Sá afleggjari er um 50 km langur. Heildarvegalengd frá Vopnafirði til Egilsstaða er 153 km
- >> Áætlunarleið strætó nr. 56 sem keyrir milli Egilsstaða og Akureyrar stoppar við Vopnafjarðar vegamót fjóra daga í viku tvisvar yfir daginn á þriggja klukkutíma millibili.

- >> Norlandair flýgur fimm sinnum í viku til og frá Vopnafirði, flogið er til Akureyrar og um Þórshöfn. Vopnafjarðarflugvöllur liggur rétt fyrir utan þéttbýli Vopnafjarðar.

Um Vopnafjörð

- >> Íbúar Vopnafjarðar eru um 650 og þeim hefur fækkað undanfarna tvo áratugi, meðalaldur er nokkuð hár. Hlutfall innflytjenda á Vopnafirði eru um 5%.
- >> Vopnafjörður liggur á milli Héraðsflóa og Bakkaflóa á Austurlandi, og er einna þekktastur fyrir veðursæld og víðlendi. Vopnafjarðarhérað skiptist í þrjá dali. Selárdal, Vesturárdal og Hofárdal, um dalina liggja þrjár af þekktari laxveiðiam landsins, Hofsa, Vesturdalsá og Selá. Aðalvatvinnugreinar svæðisins eru fiskveiðar og fiskverkun, landbúnaður, ferðaþjónusta, iðnaður og þjónusta.



Forsendur og hugtakaskýringar

A.10 Almenningsamgöngur um land allt - Vopnafjörður

- >> Verkefnið var unnið fyrir styrk samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á sviði almenningssamgangna á grundvelli stefnumótandi byggða-áætlunar fyrir árin 2018-2024, A.10 Almenningsamgöngur um land allt. Verkefnið fékk 3 milljónir. Verkefninu var ætlað að greina mögulegar lausnir á almenningssamgöngum til og frá Vopnafirði, þá sérstaklega möguleikann á farveitum. Í leiðinni var ákveðið að kanna þjónustusókn Vopnfirðinga varðandi ýmsa þjónustu.
- >> Þegar sótt var um verkefnið lá fyrir frumvarp sem ætlað var að breyta lögum til leigubílaaksturs. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, lagði fyrir frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur árið 2019. Í því var lögð fyrir heildarendurskoðun á lagaumhverfi leigubifreiða sem sett voru árið 2001. Markmið frumvarpsins er að tryggja gott aðgengi að öruggri, skilvirkri og hagkvæmri leigubifreiðarþjónustu.
- >> Frumvarpið felur í sér nýja heildarlöggjöf um leigubifreiðaakstur hér á landi. Lagt er til að fjöldatakmörkanir atvinnuleyfa verða afnumdar og getur því hver sá sem uppfyllir skilyrði laga fengið útgefið leyfi. Í frumvarpinu eru lögð til tvenns konar leyfi til að stunda leigubifreiðar-akstur. Rekstrarleyfi, sem veitir leyfishafa rétt til að aka og reka leigubifreið. Atvinnuleyfi, sem veitir leyfishafa rétt til að aka leigubifreið sem

er í eigu rekstrarleyfishafa. Frumvarpið hefur enn ekki orðið að lögum en samgönguráðherra hefur gert á því ákveðnar breytingar og liggur það fyrir þinginu.

- >> Þar sem frumvarpið hefur ekki orðið að veruleika eru á því ákveðnir annmarkar hvernig hægt er að útfæra þær hugmyndir sem meðal annars liggja fyrir í þessu verkefni og þá sérstaklega varðandi farveitur.

Útskýringar hugtaka

- >> *Almenningsamgöngur* er hugtak í samgöngumálum sem á við um þær almenningþjónustur sem almenningur borgar fargjald fyrir að nota. Almenningsamgöngur eru í raun hver sá ferðamáti sem ætlaður er almenningi en ekki til einkanota. Dæmi um slíkt eru áætlunarbifreiðar og lestarþjónustur, flugvélar, ferjur og leigubílar. Almenningsamgöngur fylgja yfirleitt tímaáætlun og fara fastar leiðir.
- >> *Farveitur* er heiti yfir fyrirtæki sem tengir saman farþega og faratæki með vefsíðu eða smáforriti, svipað *Uber* og/eða *Lyft*.
- >> *Deilibíll* er bíll sem hægt er að deila með öðrum, bíll sem er ekki í einkaeigu einstaklinga eða fyrirtækis, svokallaður samfélagsbíll.



Svarendur

- >> Svarendur könnunarinnar voru 110; karlar voru 45%, konur 53% og 2% kynsegin.
- >> Flestir svarendur voru 46-60 ára (35%), 30% voru á aldrinum 31-45 ára.
- >> Langflestir eru í sambúð eða 77%. Flestir búa í þéttbýlinu (78%) og hafa langflestir búíð á Vopnafirði í 11 ár eða lengur og jafnvel alla sína ævi.
- >> Langflestir eru launþegar og hafa tekjur á bilinu 550-799 þúsund. Um helmingur svarenda hefur tekjur yfir 800 þúsund.
- >> Flestir hafa 2 bíla eða fleiri til umráða.
- >> Spurt var hvert Vopnfirðingar sóttu vinnu og hvernig þeir ferðast þangað, langflestir sækja vinnu á Vopnafirði (95%) og flestir fara á einkabíl. En konur fóru mun oftár á einkabíl (70%) en karlar (50%) sem fóru oftár gangandi (33%) og hluti karla (8%) fór í vinnu á vegum vinnuveitenda sem engin kona gerði.
- >> Þeir sem sóttu skóla voru 47 og af þeim voru 2/3 sem sóttu skóla annað en á Vopnafirði. Gera má ráð fyrir að sá hluti sem sækir skóla frá Vopnafirði stundi fjarnám og þurfi ekki að mæta í skólann. Þeir sem sækja skóla á Vopnafirði fara flestir á einkabíl og þeir sem stunda nám utan Vopnafjarðar fara flestir akandi eða fljúgandi.

Bakgrunnur svarenda

Aldur	30 ára og yngri	22%
	31 – 45 ára	30%
	46-60 ára	36%
	61 árs og eldri	13%
Fjölskyldugerð	Sambýlisfólk	77%
	Einstaklingur	12%
	Annað	12%
Búseta	Þéttbýli	78%
	Dreifbýli	22%
Búsetulengd	Minna en 1 ár	2%
	1-5 ár	4%
	5-10 ár	12%
	11 ár eða lengur	81%
Atvinnustaða	Nemi	1%
	Launþegi	70%
	Sjálfstætt starfandi	20%
	Lífeyris-/bótaþegi	10%
Tekjur heimilis	Lægri en 400 þús. kr.	8%
	400 til 549 þús. kr.	13%
	550 til 799 þús. kr.	29%
	800 til 999 þús. kr.	16%
	1.000 til 1.249 þús. kr.	17%
	1.250 þús. kr. eða hærra	17%
Bílar heimilis	1 bíll	37%
	2 bílar	47%
	3 bílar eða fleiri	16%




Flug og strætó

- >> Um 75% svarendasögðust hafa nýtt sér flug frá Vopnafirði og langflestir fara á flugvöll með einkabíl. Meirihluti svarenda (60%) hafa nýtt sér Loftbrúna. Fleiri konur (67%) en karlar (48%) hafa nýtt sér úrræðið.
- >> Nýtingin er nokkuð jöfn milli aldurshópa, en í aldurshópnum 30 ára eða yngri er hæsta hlutfall þeirra sem nýta allar ferðirnar.
- >> Spurt var hvers vegna flugið væri ekki nýtt og komu fram fjórar megin ástæður: Dýrt, flughræðsla, óhentugar tímasetningar og frekar notast við flug frá Akureyri eða Egilsstöðum.
- >> Þeir sem nýttu sér strætó voru 27% og fóru langflestir á stoppustöðina á eigin bíl eða fengu einhvern til þess að keyra sig þangað. Þeir sem nýttu sér ekki strætó sögðu það vera vegna þess að það hentaði þeim illa, ferðirnar væru óhagstæðar eða stoppustöðin of langt í burtu, þar með völdu þeir frekar að keyra sjálfir þangað sem þeir þurftu að komast.
- >> Ekki var munur á notkun strætó á milli kynja eða aldurshópa.

Nýting á Loftbrú eftir aldri

	1 ferð	2-5 ferðir	6 ferðir eða fleiri	Engin ferð
30 ára og yngri	17%	25%	17%	42%
31 – 45 ára	29%	25%	7%	39%
46-60 ára	19%	41%	3%	38%
61 árs og eldri	10%	35%	10%	45%


Nýting á Loftbrú eftir kynjum



Almenningssamgöngur

- >> Markmið könnunarinnar var að kanna áhuga og möguleika á almenningssamgöngum fyrir Vopnafjörð og var spurt hvort svarendur hefðu áhuga á að nýta sér þær þrjár leiðir sem lagt var upp með að kanna. Flestir sáu fyrir sér að nota strætó og þá sérstaklega á lengri vegalengdum og á ferðum til Akureyrar. Svarendur voru opnari að skoða möguleika á farveitum og deilibílum á styttri vegalengdum og til Egilsstaða.
- >> Töluverður kynjamunur var á afstöðu svarenda til þessara almenningssamgöngumöguleika. En konur voru mun jákvæðari gagnvart farveitu og deilibílum en karlar. Einnig var töluverður munur meðal aldurshópa þar sem yngsti aldurshópurinn skar sig mjög frá hinum hvað varðar afstöðu til deilibíla.

Áhugi fyrir strætó, farveitu og/eða deilibíl eftir kynjum



■ Egilsstaðaflugvöllur	52%	13%	35%	71%	8%	21%
■ Akureyrarflugvöllur	68%	4%	29%	76%	5%	19%
■ Egilsstaðir	53%	10%	37%	74%	0%	26%
■ Akureyri	55%	10%	34%	81%	0%	19%
■ Lengri vegalengdir	64%	11%	25%	82%	0%	18%
■ Styttri vegalengdir	48%	21%	31%	64%	5%	32%




Almenningssamgöngur (framh.)

Áhugi fyrir strætó, farveitu og/eða deilibíl eftir aldri

	Aldur	Strætó	Farveitur	Deilibíll
Egilsstaðaflugvöllur	30 ára og yngri	22%	11%	67%
	31-45 ára	59%	14%	27%
	46-60 ára	80%	7%	13%
	61 árs og eldri	67%	11%	22%
Akureyrarflugvöllur	30 ára og yngri	30%	0%	70%
	31-45 ára	81%	5%	14%
	46-60 ára	85%	8%	8%
	61 árs og eldri	67%	0%	33%
Egilsstaðir	30 ára og yngri	20%	0%	80%
	31-45 ára	64%	14%	23%
	46-60 ára	81%	0%	19%
	61 árs og eldri	67%	0%	33%
Akureyri	30 ára og yngri	30%	0%	70%
	31-45 ára	77%	9%	14%
	46-60 ára	77%	0%	23%
	61 árs og eldri	50%	17%	33%
Lengri vegalengdir	30 ára og yngri	33%	0%	67%
	31-45 ára	77%	5%	18%
	46-60 ára	93%	0%	7%
	61 árs og eldri	50%	33%	17%
Styttri vegalengdir	30 ára og yngri	30%	20%	50%
	31-45 ára	59%	18%	23%
	46-60 ára	64%	7%	29%
	61 árs og eldri	50%	0%	50%

Áhugi fyrir strætó, farveitu og/eða deilibíl



Þjónustusókn

	Vopnafj.	Egilsst.	Austurl.	Höfuðb.sv.	Annað
Lögregla	97%	0%	2%	0%	4%
Sýslumaður	95%	3%	5%	0%	3%
Pósthús	97%	2%	1%	1%	2%
Menntun	20%	2%	6%	29%	71%
Tryggingafélög	25%	18%	3%	23%	44%
Lögfræðiþjónusta	0%	29%	2%	27%	59%
Bókhald og endursk.	36%	31%	5%	16%	25%
Bankaþjónusta	83%	10%	4%	1%	12%
Fasteignasölur	5%	61%	4%	4%	32%
Menningarviðburðir	79%	7%	7%	24%	35%
Íþróttaviðburðir	74%	15%	15%	32%	44%
Aðrar hátíðir	60%	12%	12%	48%	45%
Kvikmyndahús	40%	3%	3%	44%	57%
Veitingahús	3%	34%	34%	59%	61%
Eldsneyti	95%	13%	4%	4%	14%
Apótek	95%	6%	1%	5%	5%
Sund/líkamsrækt	94%	7%	1%	1%	8%
Vínbúð	93%	4%	2%	3%	7%
Dagvöruverslun	93%	7%	1%	2%	3%
Bókasafn	88%	2%	2%	0%	11%
Skyndibitastaðir	59%	19%	8%	14%	33%
Lágvöruverslun	12%	74%	1%	2%	33%
Bakarí	11%	35%	11%	5%	54%
Gjafavörur/blóm	26%	28%	5%	23%	46%
Húsgagnaverslun	2%	10%	1%	50%	58%
Raftækjaverslun	6%	20%	2%	45%	59%
Fataverslanir	24%	23%	3%	46%	56%


>> Með því að skoða þjónustusókn Vopnfirðinga fáum við skýrari mynd fyrir þörfina um ferðir út fyrir hreppsmörkin. Vopnfirðingar sækja flest alla algenga þjónustu í heimabyggð en áhugavert er að 74% sækja lágvöruverslun á Egilsstöðum.



Heilbrigðisþjónusta


>> Hluti könnunar snerist um að kanna þjónustusókn Vopnfirðinga og meðal annars heilbrigðisþjónustu. Langflestir sækja sína heilbrigðisþjónustu til Vopnafjarðar fyrir utan geðheilbrigðisþjónustu og sérfræðilækna. Geðheilbrigðisþjónusta er sótt annars staðar á Austurlandi jafnt á við höfuðborgarsvæðið á meðan sérfræðiþjónusta er nær eingöngu sótt á höfuðborgarsvæðið. Yngri aldurhóparnir sækja mun oftari geðheilbrigðisþjónustu á Vopnafirði eða Austurlandi en þeir sem eldri eru. Einnig kemur fram kynjamunur hvað varðar sókn í geðheilbrigðisþjónustu þar sem konur virðast mun oftari sækja geðheilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Heilbrigðisþjónusta



Heilbrigðisþjónusta (framh.)

Sókn í geðheilbrigðisþjónustu eftir aldri



Sókn í geðheilbrigðisþjónustu eftir kyni

